

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, þriðjudaginn 28. nóvember, var haldinn 146. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Elísabet Ólöf Helgadóttir, Sigbór K. Ágústsson og Aðalheiður Frantzdóttir. Einnig voru mættir Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um öryggisvistun í Rangárseli.

Aðalbjörg Traustadóttir skrifstofustjóri á velferðarsviði og Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardags og Háaleitis taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 16:25 tekur Sveinn Hjörtur Guðfinnsson sæti á fundinum.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Breiðholts þakkar fyrir upplýsandi umræðu um málefni öryggisvistunar í Rangárseli. Hverfisráð telur sig hafa fengið fullnægjandi svör við spurningum er lúta að öryggi starfsmanna, umhverfis og íbúa. Hverfisráð Breiðholts telur mikilvægt að virða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja þannig viðeigandi þjónustu og úrræði.

Samþykkt.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, vegna tillögu um stofnun hverfissjóðs. Eftirfarandi bókun lögð fram af hverfisráði:

Hverfisráð Breiðholts lítur tillögu um stofnun hverfissjóð mjög jákvæðum augum. Ráðið telur brýnt að það fjármagn sem verður til úthlutunar úr sjóðnum endurspeglar hlutfallslegan fjölda íbúa eftir hverfum.

Samþykkt.

3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, þa sem óskað er eftir um umsögn hverfisráðsins um tillögu um breytta skipan í hverfisráð. Frestað.

4. Lagt fram yfirlit yfir styrkveitingar hverfisráðs 2014-2017.

5. Lagðar fram til kynningar upplýsingar frá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar vegna stöðu og ástands fasteigna að Fýlshólum 6 og Vesturbergi 195.

Fundi slitið kl. 17.55.

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Sigbór K. Ágústsson

Aðalheiður Frantzdóttir